

Vegna bókunar frá 308. fundi sveitarstjórnar dags. 03.12.2024

Eftirfarandi var bókað á 308. fundi sveitarstjórnar þann 3. desember 2024:

„Fjárhagsáætlun Flóahrepps 2025-2028 ásamt greinargerð – Seinni umræða

Fyrir liggur fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárin 2025-2028 ásamt greinargerð frá sveitarstjóra.

- Tekjur samstæðu A og B hluta **1.265** milljónir króna
- Rekstrargjöld A og B hluta **1.083** milljónir króna
- Afskriftir A og B hluta 41 milljón króna
- Fjármagnsgjöld A og B hluta 8 milljónir króna
- Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um 132,7 milljónir króna
- Áætlað handbært fé frá rekstri A og B hluta um 168 milljónir króna
- Afborganir langtíma lána áætlaðar 40 milljónir króna (lán Flóaljóss greitt upp)
- Áætlaðar fjárfestingar í A hluta nema 241 milljón og í B hluta 117 milljónum króna
- Áætluð viðhaldspörf innan fasteigna sveitarfélagsins nema um 33 milljónum króna
- Ekki er gert ráð fyrir lántöku á árinu 2025
- Útsvarsprósenta óbreytt eða 14,97%
- Álagning fasteignagjalda í A flokki **lækkar** úr 0,47% í 0,45%
- Álagning fasteignagjalda í B flokki óbreytt eða 1,32%
- Álagning fasteignagjalda í C flokki óbreytt 1,60%
- 5% hækkun á vatnsgjaldi vegna lágmarks, hámarks og af föstu gjaldi.
- Sorphirðugjöld við heimili **lækka** á grunnílát
- Gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum
- Aðrar gjaldskrár hækka um 3,5%-5%

Að vinnu við fjárhagsáætlun komu, auk sveitarstjóra og sveitarstjórnar, stjórnendur deilda, bókarari og launafulltrúi ásamt formönnum nefnda og er þeim hér með þakkað fyrir sína vinnu við gerð áætlunarinnar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárin 2025-2028.

Samþykkt með 5 atkvæðum.“

Í ofangreindri bókun er villa í tveimur tölum en réttar tölur voru í framlagðri fjárhagsáætlun sem send var á sveitarstjórnarfulltrúa með útsendum fundargögnum og fundarboði.

Lagt er til að bókun verði leiðrétt og verði eftirfarandi:

„Fjárhagsáætlun Flóahrepps 2025-2028 ásamt greinargerð – Seinni umræða

Fyrir liggur fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárin 2025-2028 ásamt greinargerð frá sveitarstjóra.

- Tekjur samstæðu A og B hluta **1.347** milljónir króna

- Rekstrargjöld A og B hluta **1.165** milljónir króna
- Afskriftir A og B hluta 41 milljón króna
- Fjármagnsgjöld A og B hluta 8 milljónir króna
- Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um 132,7 milljónir króna
- Áætlað handbært fé frá rekstri A og B hluta um 168 milljónir króna
- Afborganir langtíma lána áætlaðar 40 milljónir króna (lán Flóaljóss greitt upp)
- Áætlaðar fjárfestingar í A hluta nema 241 milljón og í B hluta 117 milljónum króna
- Áætluð viðhaldspörf innan fasteigna sveitarfélagsins nema um 33 milljónum króna
- Ekki er gert ráð fyrir lántöku á árinu 2025
- Útsvarsprósenta óbreytt eða 14,97%
- Álagning fasteignagjalda í A flokki lækkar úr 0,47% í 0,45%
- Álagning fasteignagjalda í B flokki óbreytt eða 1,32%
- Álagning fasteignagjalda í C flokki óbreytt 1,60%
- 5% hækkun á vatnsgjaldi vegna lágmarks, hámarks og af föstu gjaldi.
- Sorphirðugjöld við heimili lækka
- Gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum
- Aðrar gjaldskrár hækka um 3,5%-5%

Að vinnu við fjárhagsáætlun komu, auk sveitarstjóra og sveitarstjórnar, stjórnendur deilda, bókarari og launafulltrúi ásamt formönnum nefnda og er þeim hér með þakkað fyrir sína vinnu við gerð áætlunarinnar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárin 2025-2028.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Tölur í bókun frá 3. desember voru úr áætlun sem var svo lagfærð af KPMG þar sem að innri viðskipti voru færð of mikið út. Rétt áætlun var send með útsendum fundargögnum en rangar tölur voru í bókuninni á fundinum.

13. desember 2024

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri